

Foreldraráðsfundur 3. október 2017

Mættir: Aðalbjörg, Guðbjörg, Jóhanna og Björk

Foreldraráð Ársala 2017 - 2018:

Fulltrúi stjórnenda og kennara: Aðalbjörg Þorgrímsdóttir leikskólastjóri

Fulltrúar foreldra: **Guðbjörg Óskarsdóttir** (móðir Óðins Freys í Höfða) hún var líka í ráðinu í fyrra. **Björk Hlöðversdóttir** (móðir Bjarts í Laut) og **Jóhanna Ey Harðardóttir** (móðir Hólmars Thors í Höfða og Bergdísar Birnu í Hlíð).

1. Rætt var um hvað var gert í fyrra og hvernig málin standa núna. Ytra og innra mat var rætt og vinna varðandi skólanámskrá.
2. Rætt var um hlutverkaskipan innan ráðsins; Guðbjörg verður áfram formaður og Björk verður ritari.
3. Spurning kom upp varðandi eftirfylgni í myglumáli – hvort verið sé að fylgja því eftir að ráðist hafi verið í eða hvort eigi að ráðast í úrbætur. Aðalbjörg segir Ingvar vera að vinna með málið.
4. Ánægja var með lögregluheimsókn á bílastæði leikskólans og skoðun þeirra á bílstóla- og beltisnotkun barna. Aðalbjörg ætlar að heyra í þeim hvernig til tókst.
5. Umræður um hvernig leikskólastarfið fer af stað þetta haustið, starfsmannamál og aðstaða.
6. Ýmis vinna er í gangi sem foreldraráð mun taka til umsagnar s.s. skólanámskrá og starfsáætlun. Næsti fundur mun verða boðaður þegar það verður tilbúið til umræðu.

Fundi slitið kl. 17.45.

Björk Hlöðversdóttir ritari